

62 sýslunefnd, greinilega lýsingu á öllu óskilafje, er selt hefir verið í hreppnum.
 14. júní. Hinn kjörni maður sendir endurrit af lýsingum þessum til birtingar í einhverju útbreiddu blaði í Reykjavík. Í prentunarkostnað og ómakslaun bera honum 30 aurar fyrir hverja kind, er hreppstjóri skal senda honum með marklýsingunni.

2. gr.

47. gr. í hinni nógildandi reglugjörð 21. júní 1898 er hjer með úr gildi felld.

Amtsráð Norðuramtsins, 14. júní 1901.

Páll Briem.

Samþykkt

63
 15. júní.

um kynbætur hesta.

Sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hefir samkvæmt lögum 11. desbr. 1891 um kynbætur hesta gjört eptirfylgjandi samþykkt fyrir Öngulstaða-, Saurbajar- og Hrafnagilshreppa.

1. gr.

Á hausthreppaskilafingi ár hvert skulu hreppstjórar annast um, að kosin sje 3—5 manna nefnd, til að hafa nákvæmt eptirlit með kynbótum hesta, og gjöra ýmsar ráðstafanir þaræð lútandi. Kosningarrjett og kjörgengi hafa allir þeir karlmenn í hreppnum, sem eru 25 ára að aldri, og í sjálfstæðri stöðu. — Vinnumenn má því að eins kjósa, að húsbændur þeirra leyfi það.

2. gr.

Nefnd þessi skal kosin til eins árs í senn, en þó er hver, sem fyrir kosningu verður, skyldur að taka á móti henni í 3 ár samfleytt.

Nefndin kys formann úr sínum flokki, sem boðar til funda, þegar nauðsyn krefur. Fundi skal hún halda að minnsta kosti tvo á ári, haust og vor, og rita í bók, það sem gerist á fundunum. Endurgjald fyrir bók þessa greiðist af sveitarsjóði.

3. gr.

Kynbótanefndin skal sjá um, að hæfilega margir graðfolar sjeu til í hreppi hverjum til undaneldis, er sjeu af góðu kyni. Hún skal gjöra samninga við folaeigendur um brúkun folanna og borgun fyrir notkun þeirra. Einnig skal nefndin vera hjálpleg með að útvega afrjettarland hauda kynbótarfolum yfir sumarið, og sömuleiðis hafa eptirlit með því, að þeir sjeu vel fóðraðir yfir veturinn.

4. gr.

Kynbótanefndin skal stuðla til, að sem flest hestfolöld, sem ekki eru

ætluð til undaneldis, sjeu .gelt áður en þau eru þriggja vikna gömul, ef því verður við komið.

63
15. júní

Hver sem hefir graðfola tveggja vetra eða eldri, skal ábyrgjast, að hann gangi ekki í annara manna landi; eigi er heldur heimilt að reka hann á af-rjett þar, sem ungar hryssur eru hafðar. Brot gegn þessu varða sektum.

Ef hryssa fyljast mót vilja eigandans, og hann getur sannað, hver sje eigandi fola þess, sem að því er valdur, skal hinn síðarnefndi greiða hinum fyr-nefnda skaðabætur allt að 25 krónum.

5. gr.

Afrjettæigendur eða umráðamenn mega ekki taka ógelta fola á afrjetti sína, nema kynbótanefndin leyfi það; svo skulu þeir og haga tryppatöku á af-rjettina eins og hún leggur til. Þeir graðhestar, sem ganga inn á svæði það, sem samþykkt þessi nær yfir, skulu, þótt þeir eigi heima utan þess, falla undir ákvæði 4. greinar, að því er sektir og skaðabætur snertir. Heimilt er þeim, sem verða fyrir ágangi af folum þessum, að taka þá til hirðingar, en gjöra skal hann folaeiganda aðvart, svo fljótt sem því verður við komið, og borgar eigandi kostnað þann, sem af þessu leiðir.

6. gr.

Heimilt er að greiða úr sveitarsjóði þóknun til kynbótanefndarinnar fyrir störf hennar, ef hreppsnefndin álitur þau þess verð.

Sömu leiðis kostnað þann, sem leiða kann af því, að hafa grimma kyn-bótafola í strangri gæzlu yfir sumartímann.

7. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal kynbótanefndin senda skýrslu um störf sín á næstliðnu ári og árangur þeirra til sýslunefndarinnar. Skýrsla þessi sje undirskrifuð af öllum nefndarmönnum.

Hreppsnefndin hefir umsjón með störfum kynbótanefndarinnar, sem að öðru leyti stendur undir yfirstjórn sýslunefndarinnar.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 50 krónum, sem renna í sveitarsjóð.

Mál, sem rísa af brotum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

Samkvæmt lögum um kynbætur hesta frá 11. des. 1891 er samþykkt þessi staðfest af undirrituðum amtmanni og skal hún öðlast gildi 1. sept. 1901.

Íslands Norður- og Austuramt, Akureyri, 15. júní 1901.

Páll Briem.